

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.

1. gr.

Sorpeyðingargjald.

Sorpeyðingargjald er eftirfarandi:

Einbýlishús/íbúð, kr. 87.837.

Sumarhús, kr. 43.919.

Lögbýli og atvinnuhúsnæði, kr. 52.306.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi. Gjaldið skal lagt á allar íbúðir sem birtar eru í fasteignamati, aukaíbúðir í húsum sem eru birtar í fasteignamati sem óskiptar eignir, lögbýli og atvinnuhúsnæði sem birt eru í fasteignamati. Sorpeyðingargjald er ætlað til að standa undir kostnaði við sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva. Sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtu-kostnaðar. Sorpeyðingargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld skv. gjaldskránni miðast við vísitölu neysluverðs í desember 2023 (604 stig) og breytast í samræmi við hana árlega. Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1764/2021.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 13. desember 2023.

Reykhólahreppi, 13. desember 2023.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 5. febrúar 2024